

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 257, 18. apríl 2000.

1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi til aksturskeppni skal einungis veita eftirtöldum aðilum:

- a) Vélhjóra- og vélsleðaíþróttanefnd ÍSÍ vegna keppni ökutækja með þrjú hjól eða færri.
  - b) Landssambandi íslenskra akstursfélaga vegna keppni ökutækja með fjögur hjól eða fleiri.
- Aksturskeppni skal fara fram undir yfirstjórn fulltrúa sem lögreglustjóri samþykkir.

2. gr.

4. mgr. 16. greinar reglugerðarinnar, c. lið, er þannig breytt að í stað tölunnar „80“ kemur talan „85“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 34. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 21. febrúar 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*